

Sóknarnefnd Svalbarðskirkju

Afhending 2011/45

Kirkja hefur verið á Svalbarði síðan á ofanverðri 14.öld og helguð Jóhannesi postula. Í upphafi var kirkjan gerð úr torfi og því oft þurft að endurbyggja hana, trúlega eigi sjaldnar en á aldarfresti.

Timburkirkja var reist af Jóni Gunnlaugssyni 1846 fyrir 760 ríkisdali. Kom hún í stað 94 ára gamallar torfkirkju sem var að hruni komin. Var þar fyrsta timburhús sveitarinnar. Sú kirkja var flutt til Akureyrar 1970 og stendur við Minjasafnið og er nefnd Minjasafnskirkja. Kirkjan var bændaeygn til 1947. Eftir erfiðar samningaviðræður, þar sem ágreiningsatriðið var um fjárhæð sjóðs sem staðahaldarinn skyldi láta fylgja kirkjunni, tók söfnuðurinn við kirkjunni. Þegar söfnuðurinn loksins fékk kirkjuna í hendurnar var ljóst að hún var orðin mjög hröleg. Var þá strax ákveðið að byggja nýja kirkju og yrði sú kirkja úr steini.

Á árunum 1952-1957 var byggð vönduð kirkja úr steinsteypu. Var hún vígð á uppstigningardag 30. maí 1957. Tekur hún 150 manns í sæti, gerð samkvæmt teikningu Bárðar Ísleifssonar arkitekts. Kirkjan stendur á fögrum stað, ofar og austar en gamla kirkjan stóð. Grunnflötur kirkjunnar er 115 m². Safnaðarstofa, skruðhús og snyrtingar eru í útbyggingu, 45m². Kirkjunni er mjög vel við haldið og hún er prýdd góðum kirkjumunum. Á kirkjulofti er vandað pípuorgel.

Árið 2007 varð Svalbarðskirkja 50 ára og í tilefni af því gaf sóknarnefnd út afmælisrit.

Afhendingin barst frá Önnu Maríu Snorradóttur. Ekki hafa borist aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
14. maí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
Sóknarnefnd Svalbarðskirkju			2011 / 45	
A-Sóknarnefnd Svalbarðskirkju		1846 - 1975		
2011 - A / 1	1	1954- 1954	Teikningar af kirkjunni á Svalbarði. Dagsett 18.03.1954. Póstkort af kirkjunni á Svalbarði fullbyggðri.	
2011 - A / 1	2	1967- 1968	Teikningar af girðingu og kirkjugarði. Dags: september 1967. Teikning af tillögu að aðkomu. Dags: 2.7.1968.	
2011 - A / 1	3	1964- 1975	Ýmislegt um kaup á orgelinu í Svalbarðskirkju. Blaðgrein, teikningar, bréf og myndir.	
2011 - A / 1	4	-	Skýrslur og greinargerð um Svalbarðskirkju. Skrifaðar af Guðmundi Benediktssyni frá Breiðabóli.	
2011 - A / 1	5	1952- 1957	Sundurliðaður byggingarreikningur Svalbarðskirkju.	
2011 - A / 1	6	1846- 1958	Reikninga- og eignabók Svalbarðskirkju,	
2011 - A / 1	7	1960- 1960	Teikningar af Svalbarðskirkju (ódagsettar). Teikningar af lóð Svalbarðskirkju. Dags. febrúar 1960.	Eru upprúllaðar í sér pakka.